

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes



Reykjavík 2. desember 2016  
UST201611-028/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi svæðis fyrir frístundabúskap á Hvanneyri**

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er barst 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir frístundabúskap á Hvanneyri.

#### **Skipulagssvæðið**

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að skipulagstillögun svæðið er um 14 ha og er staðsett nyrst í jaðri þéttbýlis. Einnig kemur fram að markmið skipulagstillögu er að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir fyrir húsdýrabýggingar til frístundanota, beitarsvæði og svæði fyrir reiðvöll.


#### **Búsvæði blesgæsar**


Eins og kemur fram í lýsingu er áætlað framkvæmdasvæði staðsett á Andakíl, Hvanneyri sem er friðlýst svæði sem búsvæði blesgæsar alls 3.086 ha að stærð.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ásýnd áætlaðra bygginga falli vel að þeim byggingum sem fyrir eru á svæðinu. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þess sé gætt að votlendi verði ekki raskað við framkvæmdir. Einnig er mikilvægt að varpsvæði blesgæsar verði ekki fyrir röskun. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að huga vel að fráveitu svo ekki sé hætta á mengun á grunnvatni. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að framandi tegundir nái ekki fótfestu á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að unnið er að friðlýsingu fyrir svæðið hjá stofnuninni.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur